

## Teygjanlegt epoxýkerfi - tæknilýsingarblað bakteríuvörn

### Efnislýsing:

ULTRA 6000 EP er þriggja þátta leysiefnalaust epoxýefni, sem samanstendur af ólituðum kvars-sandi og lituðu tveggja þátta epoxýbindiefni. ULTRA 6000 EP er lagt um það bil 5mm þykkt og er ákjósanlegt þar sem undirlag er óstöðugt svo sem sprungin steypa, malbik o.p.h.


### Kostir:

Helstu kostir ULTRA 6000 EP gólf-efnisins eru, að efnið er teygjanlegt og með upphleyptri áferð sem gerir efnið hálkúfrítt. ULTRA 6000 EP er lagt samskeytalaust þ.e.a.s. hefur samfelld yfirborð, sem auðvelt er að þrifa. ULTRA 6000 EP er leysiefnalaust og því ekki mengandi fyrir mat-væli eða umhverfið hvorki við lögn né eftir á.

**Notkunarsvið:** Helsta notkunarsvið ULTRA 6000 EP eru innandyra, gólf í vöruhúsum og síðast en ekki síst bifreiðageymslum. Hægt er að fá ULTRA 6000 EP í nokkrum staðallitum.

### Eiginleikar:

ULTRA 6000 EP er efnaþolið og algjörlega vatnshelt. Varast ber þó að nota á það sterkan lút eða síru. ULTRA 6000 EP er slitsterkt en hægt að auka slitstyrkinn með því að nota áloxíð eða bauxít sem fylliefni í stað kvarssands. Hitapol er gott en með því að auka þykkt eykst hitapol.



### Vinnslutími:

- ◆ Tími við lögn: 3 dagar
- ◆ Gönguhæft: 18-20 klst/20°C
- ◆ Lyftaraumferð: 48 klst/20°C

### Vinnsluferli:

Steinsteypa þarf að vera minnst 28 daga gömul frá lagningu, undirlag sé með a.m.k. 25N/mm brotstyrk að öðrum kosti þarf að styrkja yfirborðið með epoxý bindiefni, hlutfallsraki sé minni en 80% í yfirborði undirlags og að lofthiti sé yfir 18°C á meðan lögn fer fram.

Lagning ULTRA 6000 EP skal eingöngu framkvæmd af sérþjálfuðum lagningarmönnum.

### Umhirða:

Endingartími gólfefnis getur meðal annars byggst á reglulegum þrifum og góðri umhirðu. Gólfefnið skal þrifið með réttum efnum til að fjarlægja m.a. Dekkför og önnur illþrifanleg óhreinindi. Gólfefni í matvælaíðnaði er almennt nægjanlegt að þrifa með 50°C heitu vatni og hreinsiefnum skv. þrifaplani frá framleiðanda hreinlætisvara. Nýtt gólfefni getur í sumum tilfellum verið kjörið tækifæri til að bæta umgengni á vinnustað.